



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 20. janúar 2022
Málsnr. 2104008/PBG/HH

Efni: Skíðasvæðin, samstarfssamningur um rekstur - 2104008

Á 535. fundi stjórnar SSH, hinn 17. janúar 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Skíðasvæðin, samstarfssamningur um rekstur - 2104008

Framhald umræðu frá 532. fundi en fyrirbyggjandi eru drög að endurnýjuðum samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna og drög að samstarfssamningi skíðasvæðanna og ÍTR. Á 532. fundi var framkvæmdastjóra falið að fullvinna drögin, eftir m.a. umfjöllun í samstarfsnefnd skíðasvæðanna, og leggja fyrir stjórn að nýju. Fyrirbyggjandi drög hafa verið til umræðu á fundum samstarfsnefndar skíðasvæðanna, 8. desember 2021 og 12. janúar 2022, og unnin áfram með tilliti til þeirra athugasemda sem þar komu fram.

Eru samningsdrögin nú lögð fram til samþykktar stjórnar. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna og drög að samstarfssamningi skíðasvæðanna og ÍTR. Drög að ofangreindum samningum verði send til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Að lokinni afgreiðslu sveitarfélaganna er framkvæmdastjóra SSH falið að undirrita samstarfssamninginn við ÍTR fyrir hönd sveitarfélaganna.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna. Er farið fram á að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Þá eru send til staðfestingar drög að samningi SSH fyrir hönd sveitarfélaganna við ÍTR varðandi þau verkefni sem ÍTR eru falin tengd starfsemi skíðasvæðanna.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 1. mars næstkomandi.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi:

Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna.

Drög að samningi við ÍTR – fylgiskjal með samningi.

Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, dags. 14. janúar 2022.

Skipurit og ferli ákvarðana – skýringarmyndir.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026